

# Eystrahorn

26. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 12. ágúst 2021

www.eystrahorn.is

## Leir í sveit - Keramiknámskeið í Öræfum

Keramiknámskeiðið Leir í sveit var haldið í Svínafelli í Öræfum í júlí þar sem leirkerasmiðurinn Antonía Bergþórsdóttir kenndi þátttakendum bæði að handmóta og renna muni úr leir. Á námskeiðinu voru gerðar tilraunir með að nota jökulleir úr Svínafellsjökli og önnur jarðefni af svæðinu eins og vikur og sand bæði til að móta úr og skreyta með. Jökulleirinn sem sóttur var í Svínafellsjökul kemur upp úr sprungu í ísnum þar sem hann hefur sest til í mjög fína kornastærð og er silkimjúkur viðkomu. Antonía hefur rannsakað íslensk jarðefni sem og grænensk í sinni leirkeravinnu en spennandi verður að sjá hvernig leirinn og efnin héðan úr sýslunni koma út eftir brennsluna. Tíu manns sóttu námskeiðið og ótal skemmtilegir munir urðu til í Hlöðunni þar sem það var haldið. Svanhvít Helga Jóhannsdóttir hlaut styrk frá bæjarráði Sveitarfélags Hornafjarðar til að halda



námskeiðið og sendir hlýjar þakkir fyrir það með tilhlökkun um áframhaldandi

handverk og listsköpun úr jarðefnum svæðisins.

## Fleiri fjallaskála

Tek undir með Írisi Ragnarsdóttur Pedersen í grein sem birtist í Eystrahorni 16. júní sl. Hún hvetur til þess að reistur verði skáli – og rekinn - á Öræfajökli, t.d. við Sandfellsleiðina. Slík hugmynd hefur verið lengi á kreiki. Fjallamenn, sem störfuðu 1939-1968, hugðust byggja skála á hæsta fjalli landsins, líkt og þeir höfðu þá gert á Fimmvöruhálsi og í Tindfjöllum. Af því varð þó ekki. Það gefur auga leið að gistaðstaða í 1.000 til 1.200 m hæð á Öræfajökli eykur öryggi fjallafara og gerir fleirum en ella kleift að klífa Hvannadalshnúk og aðra áhugaverða tinda þessa mikla eldfjalls. Auk þess má færa rök fyrir því að gistaðstaða uppi í fjallinu gefur færi á að hægja á langri göngu, kjósi menn svo, og fá þannig meiri tíma til þess að njóta náttúrunnar í hæstu hæðum. Raunar er þörf á fleiri fjallaskálum í suðurjaðri Vatnajökuls; að minnsta kosti í Kjós, innst í Morsárdal (auðveldar ferðir um



Hrútafjallstindar Mynd: Valdimar Leifsson

Skaftafellsfjöll og á tinda frá Pumli og austur að Morsárjökli) og á Hrútfjalli (opnar betur leiðir á Hrútfjallstinda sem eru glæsilegustu alpatindar landsins). Skálabygging á þessum stöðum er hlutfallslega dýr og reksturinn kostar

sitt þannig að samstarf ferðafélaga, fyrirtækja og sveitarfélags þarf til þess að af geti orðið.

Ari Trausti Guðmundsson  
Höfundur er reyndur fjallamaður

Hægt er að nálgast blaðið og eldri blöð á [www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)

## Frá Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu

Innitun nýnema skólaárið 2021-2022 stendur yfir.

**Síðasti umsóknardagur er mánudaginn 23. ágúst.**

Umsækjendur sækja um í gegnum íbúagátt bæjarfélagsins eða hornafjordur.is (Þjónusta, Tónskóli)

Þeir nemendur sem voru í námi á síðasta ári og skiluðu inn umsókn í vor, þurfa **ekki** að sækja aftur um.

**Skrifstofa skólans ásamt símatíma verður opin:**

**föstud. 20. ág. kl. 11.00-16.00 og**

**mánud. 23. ág. kl. 10.00-13.00**

**sími 470-8460**

Nánari upplýsingar eru inni á heimasíðu skólans.

**hornafjordur.is - þjónusta - tónskóli**

Einnig má senda fyrirspurnir á **tonskoli@hornafjordur.is**

**Tónskóli**  
AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Skólastjóri



## Þakkir

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu



**Rannveigar Sigurbarsdóttur  
frá Dynjanda**

sem lést 1. júlí á Hjúkrunarheimilinu Skjólgarði.  
Útförin fór fram frá Hafnarkirkju 9. júlí sl.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Skjólgarðs fyrir hlýhug og góða umönnun.

*Jens Olsen.*

*Sigurbergur Olsen - Jóhanna Guðný Einarsdóttir*

*Þorleifur Olsen - Katrín Steindórsdóttir*

*og barnabörn*

## VIKING CAFÉ

Óskar eftir starfskrafti við þrif á herbergjum og einnig í afgreiðslu á kaffihúsi.

Upplýsingar í síma 892-0944, Ómar



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Umhverfisviðurkenningar 2021

Umhverfis- og skipulagsnefnd auglýsir eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenningar 2021

Auglýst er eftir tilnefningum á einstaklingum, félagasamtökum, stofnunum, fyrirtækjum, lóðum og lögbýlum í Sveitarfélaginu Hornafirði sem hafa með athöfnun sínum verið til fyrirmyndar og gert umgengni við náttúruna og umhverfið að eðlilegum þætti í hversdagslífi sínu, starfi og rekstri eða hafa á annan hátt lagt mikið af mörkum til verndunar á náttúru og umhverfi.

Frestur til að skila inn tilnefningum er til 22. ágúst, þeim skal skila í afgreiðslu ráðhússins við Hafnarbraut 27 eða á netfangið [anna@hornafjordur.is](mailto:anna@hornafjordur.is)

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagsnefndar  
**Anna Ragnarsdóttir Pedersen**  
umhverfisfulltrúi



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: ..... [tjorvi@eystrahorn.is](mailto:tjorvi@eystrahorn.is)

Prófarfalestur:.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson

Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126

## Eystrahorn

### Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu Eystrahorns ?

Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/  
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

## HEFUR ÞÚ HLUSTAÐ Á HLAÐVARP EYSTRAHORNS ?



Hlaðvarp Eystrahorns eru viðtalþættir við áhugavert fólk í samfélaginu okkar og veita hlustendum innsýn inn í líf þess og störf.

Hlustaðu á þættina á  
[www.eystrahorn.is/hladvarp](http://www.eystrahorn.is/hladvarp)  
eða á Spotify



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Breyting á aðalskipulagi

Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 27. júlí 2021 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi við Heppuveg.

Megin markmið með breytingunni er að M1 miðsvæði stækkar og Heppuvegur 5 og hluti Heppuvegar 6 verða á miðsvæði í stað athafnasvæðis. Með breyttri landnotkun verður heimilt að hafa á lóðunum matvælaframleiðslu/iðnaðarframleiðslu, veitingasölu og listsýningar auk íbúða.

Sveitarfélagið Hornafjörður óskar eftir umsögnum vegna tillögu á aðalskipulagsbreytingu skv. skipulagslögum nr.123/2010.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 frá 3. ágúst til 14. september 2021.

Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins hornafjordur.is undir skipulag í kynningu.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til **14. september 2021** og skal skila skriflega á bæjarskrifstofum Hornafjarðar, Hafnarbraut 27, 780 Höfn eða á netfangið [skipulag@hornafjordur.is](mailto:skipulag@hornafjordur.is)



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

## Skjólgarður – hjúkrunarheimili leitar eftir liðsauka í okkar góða starfsmannahóp

Við leitum að fólki í hlutastarf á Skjólagarði. Þarf að getað byrjað sem fyrst. Okkur vantar fólk núna í ágúst, og í vetur myndi þetta henta vel með skóla.

Einnig vantar okkur í ræstingu og í þvottahús. Þetta er eitt og sama starfið og því fjölbreytt. Væri gott ef viðkomandi gæti byrjað sem fyrst.

Upplýsingar um störfin og laun gefur;

Guðrún Dadda Ásmundardóttir

Verkefnastjóri Vigdísarholts – rekstraraðili Skjólgarðs

s. 855-2303, [skjolgardur@skjolgardur.is](mailto:skjolgardur@skjolgardur.is)



## Óskum eftir húsnæði

Erum ungt par um þrjúttugt með tvö börn og óskum eftir húsnæði á Höfn eða í nágrenni sem allra fyrst. Getum flutt inn samdægurs. Allt kemur til greina en óskandi væri að vera með 3 svefnherbergi.

Allar ábendingar vel þegnar í síma: 771-7555

# Nýr framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands

Stjórn Háskólafélags Suðurlands ákvað á fundi sínum nýverið að ráða Ingunni Jónsdóttur sem framkvæmdastjóra félagsins en auglýst var eftir umsóknum í starfið í maí sl. Sigurður Sigursveinsson, sem gegnt hefur starfinu sl. 12 ár, lætur af störfum vegna aldurs.

Ingunn er menntaður vöruhönnuður frá Listaháskóla Íslands sem og með MPM gráðu í verkefnastjórnun frá Háskólanum í Reykjavík.

Árið 2013 var Ingunn ráðinn sem sameiginlegur verkefnastjóri Háskólafélags Suðurlands og Matis en árið 2016 færði hún sig alfarið yfir til Háskólafélagsins. Ingunn hefur einnig sinnt verkefnastjórnun og ráðgjöf fyrir Sóknaráætlun Suðurlands á vegum SASS ásamt því að stýra og taka þátt í fjölda erlendra samstarfsverkefna.

Stjórn félagsins færir Sigurði miklar og góðar þakkir fyrir frábær störf í þágu félagsins á mótunarárnum þess. Jafnframt býður stjórnin Ingunni hjartanlega velkomna til starfa en Ingunn hefur starfað hjá félaginu um árabíl við góðan orðstír. Ingunn hóf störf sem framkvæmdastjóri núna í ágúst.



## Styrktaráskrift Eystrahorns

Eystrahorn hefur verið gefið út frá því 1983 og hefur verið sent á hvert heimili í sveitarfélaginu, íbúum að kostnaðarlausu, undanfarin ár. Flestir eru sammála um að útgáfa sem þessi er mikilvægur þáttur í samfélaginu okkar. Útgáfan stendur oft mjög tæpt og gæti ekki staðið undir sér nema fyrir framlag fyrirtækja, stofnanna og einstaklinga á svæðinu. Við óskum því eftir því að Hornfirðingar styrki útgáfu blaðsins t.d. með mánaðarlegu framlagi. Nýtt kerfi hefur verið sett upp á heimasíðu Eystrahorns þar sem hægt er að styrkja blaðið með auðveldum hætti með mánaðarlegum greiðslum. Hægt er að segja upp áskriftinni hvenær sem er. Þökkum þeim sem nú þegar styðja við útgáfuna.

### 1 Farðu inn á heimasíðu Eystrahorns



[www.eystrahorn.is/styrktaraskrift](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift)

### 2 Veldu mánaðarlega upphæð



### 3 Skráðu inn kortanúmer í öruggt áskriftarkerfi

Þitt framlag styrkir útgáfu blaðsins, kærar þakkir

✉ [eystrahorn@eystrahorn.is](mailto:eystrahorn@eystrahorn.is)

🌐 [www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)

☎ sími: 848-3933



# Átt þú rétt á 40% afslætti af flugi?



Þau sem búsett eru fjarri höfuðborginni fá 40% afslátt af innanlandsflugi með Loftbrú. Kynntu þér málið á [loftbru.is](http://loftbru.is) og sæktu þinn afsláttarkóða áður en þú bókar.

[loftbru.is](http://loftbru.is)



**Loftbrú**